

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
nefndasvid@althingi.is

Reykjavík 21. apríl 2017

Umsögn frá Allrahanda GL ehf. / Gray Line á Íslandi

Tillaga til þingsályktunar um fjármálaáætlun 2018-2022, mál nr. 402, 146. löggjafarþing.

Gray Line á Íslandi er öflugt ferðaþjónustufyrirtæki með yfir 300 starfsmenn í föstu starfi og flutti rúmlega 700 þúsund ferðamenn í eigin ferðum á síðasta ári. Fyrirtækið býður yfir 70 skipulagðar skoðunarferðir auk ferða til og frá flugvelli og eru 78 hópferðabílar í flota þess.

Þann 1. janúar 2016 var virðisaukaskattur í 11% þrepi lagður á þjónustu fyrirtækisins líkt og annarra í atvinnugreininni. Í fjármálaáætlun er áformað að ferðaþjónustan færist í 24% þrep virðisaukaskatts frá og með 1. júlí 2018.

Frá 1. janúar 2016 hafa erlendir ferðamenn ekki aðeins þurft að greiða hærra verð vegna tilkomu virðisaukaskattsins heldur hefur gengi gjaldmiðla þeirra lækkað um 17-30% gagnvart krónunni. Með öðrum orðum, á skömmum tíma hefur holskefla verðhækkana dunið á ferðamönnum, jafnvel þó að fyrirtæki í ferðaþjónustu fái ekki einni krónu meira í kassann. Í mörgum tilfellum var félagið samningsbundið í erlendri mynt, sem þýðir mikla tekjuskerðingu í íslenskum krónum á árinu 2016. Afkoma fyrirtækisins er sýnu lakari á árinu 2016 en 2015 og þetta ár lofar ekki betri tíð.

Viðbrögð ferðamanna hafa ekki látið á sér standa. Þeir greiða einfaldlega atkvæði með fótunum, ýmist hætta við ferðir, sérstaklega þær lengri, fækka þeim eða fara í styttri og ódýrari ferðir og dvelja skemur á landinu eins og fram kemur í frétt á www.turisti.is í dag: <https://turisti.is/frettir/3004-ferdamenn-stytta-dvolina-her-a-landi> þar sem fram kemur að þrátt fyrir fjölgun ferðamanna um 40% á árinu 2016 þá fjölgaði gistinóttum aðeins um 22%.

Í fjármálaáætlun er áformað að hella olíu á eldinn með því að hækka virðisaukaskattinn. Hækkunin í erlendum gjaldmiðlum frá byrjun árs 2016 verður þá orðin 37% í evrum og 53% í pundum miðað við óbreytt gengi. Ekki bætir úr skák að innlendir kostnaður hefur hækkað vegna kjarasamninga og óhjákvæmilegt að láta það koma að hluta fram í verðskrá.

Í samkeppnislöndum okkar, þar sem hækkun milli ára nemur yfirleitt ekki nema um 2-3%, hafa miklar verðhækkningar afar neikvæð áhrif. Þetta kom berlega í ljós á ferðakaupstefnunni ITB í Berlín í mars síðastliðnum. Viðbrögð erlendra samstarfsfyrirtækja voru á þá leið að þau telja að verðlagning ferðaþjónustu á Íslandi, bara vegna gengisáhrifa, sé komin yfir þolmörk og ætla fyrir vikið að leggja minni áherslu á Ísland í markaðs- og sölustarfi sínu. Þegar til viðbótar koma áform um að virðisaukaskattur hækki úr 11% í 24% þá telja margir ferðaheildsalar nóg komið og tala um að slíta viðskipta-sambandi eða setja það á ís og skoða aftur eftir einhver ár í von um að skynsemin verði þá mætt í vinnuna.

Ljóst er að þessi áform í fjármálaáætluninni hafa ekki verið hugsuð til enda. Ferðaþjónustan keppir ekki við aðrar atvinnugreinar hér á landi, heldur við ferðaþjónustu um allan heim. Hið rökrétt er því að ferðaþjónustan búi við sama skattaumhverfi og sömu atvinnugreinar í helstu samkeppnislöndum, einkum þó í Evrópu. Þar er ferðaþjónusta ávallt í lægra þrepi virðisaukaskatts, nema í örfáum löndum sem eru aðeins með eitt þrep virðisaukaskatts. Að meðaltali er virðisaukaskattur á ferðaþjónustu í helstu samkeppnislöndum 11%, þ.e. jafnhátt lægra þrepinu hér á landi í dag.

Ekki sér fyrir endann á verðhækkun í erlendum gjaldmiðlum, ekki aðeins vegna styrkingar á gengi krónunnar heldur ekki síður vegna samningsbundinna launahækkana. Hugmyndin um að leggja á hærri virðisaukaskatt við þessar aðstæður stefnir margra ára uppbyggingu og markaðssetningu ferðaþjónustunnar í mikla hættu.

Enginn vafi leikur á því að afleiðingar hækkunarinnar verða mjög neikvæðar fyrir íslensk ferðaþjónustufyrirtæki, ekki síst á landsbyggðinni þar sem hætt er við samdrætti í ferðum erlendra ferðamanna. Flest fyrirtæki í ferðaþjónustu hafa fjárfest myndarlega í uppbyggingu og allur samdráttur í tekjum getur haft ógnvænleg áhrif á getu þeirra til að standa við skuldbindingar.

Ekki má gleyma því að nú þegar hefur ríkissjóður miklar tekjur af komu erlendra ferðamanna, auk þess sem uppgangur ferðaþjónustunnar hefur haft afar mikil áhrif við að draga úr atvinnuleysi og styrkja byggðaðróun. Hvers vegna að stefna þeim ávinningi í hættu?

Mikilvægt er að Alþingi átti sig á því að samkeppnisumhverfi ferðaþjónustunnar er nú þegar í uppnámi og hækkun virðisaukaskatts á atvinnugreinina við þær aðstæður eru vægast sagt varasamar. Falla þarf frá áformum um hækkun virðisaukaskatts á ferðaþjónustu í fjármálaáætlun og taka þess í stað upp samtali við ferðaþjónustuna og hagsmunasamtök hennar um hvernig hagsmunir atvinnugreinarinnar og Íslands fari best saman til framtíðar. Hlusta þarf á ábendingar erlendra ferðaheildsala sem telja miklar verðhækkningar á skömmum tíma rothögg fyrir íslenska ferðaþjónustu.

Virðingarfyllst



Þórir Garðarsson

stjórnarformaður Allrahanda GL ehf / Gray Line á Íslandi

